



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 10. júní 2020

Ákvörðun nr. 27/2020

## **Undanþága fyrir samstarfi lánveitenda um tímabundna greiðslufresti á lánum einstaklinga vegna áhrifa COVID-19**

### **I.**

#### **Bakgrunnur og meðferð máls**

Með bréfi, dags. 4. júní 2020, óskuðu Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eftir undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, frá banni 10. og 12. gr. sömu laga við samstarfi keppinauta og samkeppnishamlandi aðgerðum samtaka fyrirtækja. Varðar beiðnin samkomulag lánveitenda um tímabundna frestun á innheimtu lána einstaklinga sem lenda í tímabundnum greiðsluvanda vegna tekjufalls af völdum COVID-19 farsóttarinnar (hér eftir „farsóttin“). Fram kemur í erindinu að SFF sæki um undanþáguna fyrir hönd samkomulagsaðila.

Í aðdraganda undanþágubeiðninnar hafði Samkeppniseftirlitið tjáð SFF að eftirlitið gerði ekki athugasemd við að „sameiginleg yfirlýsing“ vegna einstaklingslána yrði undirbúin og undirrituð og gengi út frá því að undirbúningur og frágangur yfirlýsingarinnar færi fram með áþekku verklagi og beitt var í samskiptum milli aðila í aðdraganda ákvörðunar nr. 13/2020 og framkvæmdin tæki að öðru leyti mið af þeim skilyrðum sem sett voru í ákvörðun nr. 13/2020, *Undanþága fyrir samkomulagi um tímabundna frestun greiðslna af lánum fyrirtækja sem lent hafa í greiðsluvanda vegna COVID-19*, eftir því sem við gæti átt í þessu tilviki.

Í framangreindri ákvörðun nr. 13/2020 var m.a. fjallað um þá efnahagserfiðleika sem skapast hafa vegna útbreiðslu farsóttarinnar og þeirra aðgerða sem gripið var til hér á landi og annars staðar til að hefta framgang hennar. Í framangreindu erindi SFF, dags. 4. júní 2020, segir m.a. að sá efnahagssamdráttur hafi raungerst sem gert var ráð fyrir í undanþágubeiðni þeirri er leiddi til ákvörðunar nr. 13/2020. M.a. er bent á að mörg fyrirtæki eigi í erfiðleikum og atvinnuleysi hafi aukist með þeim afleiðingum að tímabundið tekjufall hafi átt sér stað hjá fjölda einstaklinga sem leitt hafi til greiðsluerfiðleika hjá mörgum þeirra.



Jafnframt kemur fram í erindinu að tilgangurinn með samkomulagi lánveitenda sé að hjálpa einstaklingum sem verða fyrir tímabundnu tekjufalli vegna atvinnumissis eða annarra atvika vegna farsóttarinnar en hafa að öðru leyti verið í skilum með lán sín. Með samkomulaginu sé þeim gert kleift að standa áfram í skilum, þ.e. varna vanskilum. Úrræðinu sé, líkt og úrræðinu sem laut að frestun einstaklingslána, sbr. ákvörðun nr. 13/2020, ætlað að fleyta þeim sem lent hafa í slíkum vanda yfir erfiðasta hjallann uns atvinnustarfsemi komist í gang á ný og erfiðleikunum linni.

Þá segir m.a. í erindinu að í viðmiðunarreglum EBA um greiðslufrestanir á afborgunum lána sem framkvæmdar séu vegna COVID-19 sé m.a. kveðið á um þau skilyrði sem greiðslufrestun á afborgunum þurfi að uppfylla svo lánveiting fjármálafyrirtækis teljist ekki vera í vanefndum eða hafa hlotið ívilnun, og leiði þar með ekki til endurflokkunar, sbr. einnig dreifibréf fjármálaeftirlits SÍ til lánastofnana nr. 19/2020.<sup>1</sup> Á þeim grundvelli hafi SFF átt í samstarfi við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (SÍ) vegna framkvæmdar frestunar einstaklingslána. Í því skyni að tryggja að fyrirhugað fyrirkomulag samrýmdist framangreindum viðmiðunarreglum EBA hefði fjármálaeftirlit SÍ lagt sérstaka áherslu á að „[g]reiðslufrestun [þyrfti] að byggja á almennum grundvelli þannig að gripið verði til sambærilegrar greiðsluáðlögunar (e. *similar payment relief measures*) hjá lánastofnunum til að lán teljist ekki hafa hlotið ívilnun“, og „[a]ð því er varðar lánastofnanir þyrfti því að vera til staðar samkomulag vegna lána til einstaklinga svipað og nú þegar gildir um fyrirtækjalán“.

Þá segir í undanþágubeiðninni að með vísan til framangreinds, og að virtum fyrirmælum fjármálaeftirlits SÍ, hafi aðildarfyrirtæki SFF, sem séu starfandi á markaði fyrir einstaklingslán, gert með sér samkomulag um tímabundna greiðslufresti á lánum *einstaklinga* vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (Covid-19), með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Hafi fjármálaeftirlit SÍ jafnframt staðfest að samkomulagið uppfylli skilyrði viðmiðunarreglna EBA.

## II.

### **Samkomulagið og rök undanþágubeiðenda fyrir veitingu undanþágu**

Samkvæmt undanþágubeiðninni hljóðar samkomulagið sem aðilar þess hafa komið sér saman um með svohljóðandi hætti:

*„Ljóst er að heimsfaraldur kórónaveirunnar árið 2020 (Covid-19) mun trufla atvinnustarfsemi tímabundið hér á landi sem hefur í för með sér tekjufall hjá fjölda einstaklinga. Þetta mun hafa í för með sér greiðsluferfiðleika hjá mörgum einstaklingum.*

*Nauðsynleg viðbrögð vegna tekjufalls einstaklinga vegna heimsfaraldursins er að lánadrottnar einstaklinga fallist á að hætta tímabundið innheimtu skulda einstaklinga sem lenda tímabundið í greiðsluvanda vegna tekjufalls vegna heimsfaraldursins en eru, og hafa verið, að öðru leyti í skilum með sín lán.*

---

<sup>1</sup> Bæði dreifibréfið og reglur EBA voru meðfylgjandi undanþágubeiðninni.



Til að greiða fyrir hraðri úrlausn þessara mála, tryggja jafnræði milli einstaklinga, samræmi milli úrlausna og jafnræði milli lánveitenda, eftir því sem kostur er, er nauðsynlegt að aðilar á lánamarkaði geri með sér samkomulag um framkvæmd frestana.

Undirritaðir aðilar („aðilar“) gera með sér svofellt samkomulag:

1. *Gildistími samkomulags: Samkomulagið gildir til 1. september 2020 („samningstími“). Aðilar geta komið sér saman um framlengingu samkomulagsins ef aðstæður kalla á slíkt. Taka skal ákvörðun og tilkynna Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um framlengingu fyrir 15. ágúst næstkomandi komi til framlengingar.*
2. *Lán sem samkomulagið tekur til: Samkomulagið tekur til lána einstaklinga sem verða fyrir tímabundnu tekjufalli vegna atvinnumissis eða annarra atvika vegna heimsfaraldursins og höfðu ekki verið í vanskilum 90 daga eða lengur í lok febrúar síðastliðnum.*
3. *Mat á því hvort einstaklingur fellur undir þetta samkomulag: Sá aðili sem er lánveitandi einstaklings hverju sinni metur hvort einstaklingur uppfyllir skilyrði þessa samkomulags að fenginni umsókn þar um. Ekki skal litið til lánstrausts viðkomandi einstaklings við mat á því hvort lán falli undir samkomulag þetta. Ekki er nauðsynlegt að tilkynna öðrum lánveitendum um frestun.*
4. *Frestun greiðslna: Almennt er öllum endurgreiðslum af láni einstaklings við aðila frestað, bæði vöxtum og afborgunum, í allt að níu mánuði. Heimilt er að miða við að frestun greiðslna hefjist þann 16. mars uppfylli hún skilyrði samkomulagsins. Heimilt er að víkja frá framangreindu samkvæmt ósk einstakling eða eðli láns.*
5. *Meðferð frestaðra greiðslna. Almennt skulu frestaðar greiðslur afborgana og vaxta leggjast við höfuðstól láns þannig að (a) upphaflegur samningstími verði sá sami, (b) upphaflegur samningstími lengist sem nemur fjölda frestaðra afborgana, eða (c) aðrar breytingar, sem eru hluti af eða sambland af framangreindu, verði gerðar á láninu. Aðrar breytingar á skilmálum lána til einstaklinga falla utan samkomulags þessa.*
6. *Sé um að ræða skuldir án gjalddaga frestast greiðsla til loka samningstíma þessa samkomulags, nema samið sé um annað.*
7. *Frestaðar greiðslur skulu bera sömu vexti og skuldin bar við upphaf frestunar og geta tekið breytingum í samræmi við greiðsluskilmála lánsins.*
8. *Nýir aðilar: Aðrir aðilar, sem eru lánveitendur einstaklinga, geta gerst aðilar að samkomulagi þessu, enda hafi þeir aflað heimildar frá Samkeppniseftirlitinu til þess. Nýir aðilar, sem fengið hafa heimild*



*Samkeppniseftirlitsins, skulu tilkynna Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) með einhliða yfirlýsingu um aðild. SFF tilkynna aðilum samkomulagsins um nýja aðila.*

*9. Samþykki Samkeppniseftirlits: Samningsaðilum er ljóst að samkomulag þetta er háð undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkomulag er um að SFF sæki um formlega undanþágu fyrir hönd aðila. Samstarf aðila einskorðast við ákvæði samkomulagsins. Samkomulagið hindrar ekki að lánveitendur geti veitt viðskiptavinum sínum frekari greiðsluferfiðleikaúrræði en samkomulag þetta mælir fyrir um eða keppi að öðru leyti á grundvelli viðskiptaskilmála.*

*10. Tilkynning til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands: Samkomulag er um að SFF tilkynni til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um gerð samkomulags þessa fyrir hönd aðila."*

Í undanþágubeiðninni kemur m.a. fram að ljóst sé að efni samkomulagsins feli meðal í sér atriði sem hver og einn keppinautur verði almennt að ákveða sjálfstætt í starfsemi sinni. Sú samræming sem felist í samkomulaginu milli keppinauta um viðbrögð þeirra við tímabundnum greiðsluferfiðleikum einstaklinga vegna COVID-19 falli því væntanlega undir ákvæði 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr. samkeppnislaga.

Eins og fram kemur í undanþágubeiðninni getur Samkeppniseftirlitið, á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga, veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru raktar í niðurstöðukafla hér aftar.

SFF telur að öll skilyrði fyrir undanþágu vegna samkomulagsins séu uppfyllt

Að mati undanþágubeiðenda verður við mat á því hvort veita beri undanþágu m.a. að líta til þess að fjármálastarfsemi gegni mikilvægu hlutverki í efnahagslífi hvers lands. Hún gegni afgerandi hlutverki fyrir starfsemi á öðrum mörkuðum og í efnahagskerfinu í heild. Fjármálastarfsemi stuðli að og örvi viðskipti með vörur og þjónustu sem eigi að leiða til lægri viðskiptakostnaðar til hagsældar fyrir þjóðfélagið. Þess vegna verði að telja það grundvallaratriði að samkeppni sé virk á fjármálamarkaði og að markaðurinn sé ávallt eins skilvirkur og mögulegt sé.

Þá er í undanþágubeiðninni farið yfir áhrifin af útbreiðslu farsóttarinnar og tilgang greiðslufrestananna og bent á að sá efnahagssamdráttur hafi raungerst sem gert var ráð fyrir í fyrri undanþágubeiðni sem SFF lagði fram og leiddi til ákvörðunar nr. 13/2020. Tilgangurinn með samkomulagi lánveitenda sé að hjálpa einstaklingum sem verði fyrir tímabundnu tekjufalli vegna atvinnumissis eða annarra atvika vegna farsóttarinnar en hafi að öðru leyti verið í skilum með lán sín. Var þetta rakið nánar í kafla I hér á undan.

Í undanþágubeiðninni segir jafnframt að greiðsluferfiðleikaúrræði af því tagi sem samkomulagið lúti að, geti orðið til þess að bæta stöðu lántaka tímabundið, og þar með ráðstöfunartekjur einstaklinga og heimila í landinu, en eðli málsins samkvæmt séu trygg líf skjör grundvallaratriði við enduruppbyggingu efnahagslífsins. Slíkt stuðli enn fremur að



virikum neytendamarkaði á öllum helstu sviðum íslensks atvinnulífs þar sem viðskipti við neytendur koma við sögu.

Þá segir að „*nauðsynlegt*“ sé að slíkar aðgerðir sem um ræðir samrýmist fyrirmælum viðmiðunarreglna EBA um greiðslufrestanir á afborgunum lána sem framkvæmdar séu vegna COVID-19, en þar séu tíunduð í 10. tölul. meðal annars eftirfarandi skilyrði:

- „*Greiðslufrestunin þarf að grundvallast á lögum eða samræmdum sameiginlegum úrræðum fjármálafyrirtækja, t.a.m. fyrir tilstuðlan heildarsamtaka þeirra*
- *Greiðslufrestanir þurfa að fela í sér sambærileg úrræði (e. similar payment relief measures) milli lánastofnana. Mismunandi aðferðir geta þó átt við um mismunandi flokka áhættuskuldbindinga eða lánþega.*
- *Greiðslufrestunin þarf að ná til breiðs hóps lánþega og má ekki takmarkast við lánþega sem voru í fjárhagserfiðleikum áður en COVID-19 faraldurinn hófst.*
- *Greiðslufrestunin breytir einungis greiðsluáætlun lánþega, þ.e. frestar greiðslum á höfuðstól eða vöxtum en felur ekki í sér annars konar breytingar á skilmálum láns.*
- *Greiðslufrestunin þarf að vera almenn ráðstöfun.*
- *Greiðslufrestunin nær ekki til nýrra útlána sem veitt hafa verið eftir að greiðslufrestunarúrræði hefur verið kynnt.*
- *Greiðslufrestunin þarf að vera veitt með skýrum hætti sem viðbrögð við COVID-19 farsóttinni.“*

Sem áður segir, lagði fjármálaeftirlit SÍ sérstaka áherslu á að „[g]reiðslufrestun [þyrfti] að byggja á almennum grundvelli þannig að gripið yrði til sambærilegrar greiðsluáðlögunar (e. *similar payment relief measures*) hjá lánastofnunum til að lán teldust ekki hafa hlotið ívilnun“, og „[a]ð því er varðar lánastofnanir þyrfti því að vera til staðar samkomulag vegna lána til einstaklinga svipað og nú þegar gildir um fyrirtækjalán“.

Í erindinu er vísað til fyrri stjórnslufordæma Samkeppniseftirlitsins, og þá einkum ákvörðunar nr. 13/2020, þar sem Samkeppniseftirlitið veitti undanþágu fyrir samstarfi um tímabundna frestun fyrirtækjalána að virtum nánar tilteknum skilyrðum. Vitnað er til þess að í forsendum þeirrar ákvörðunar hafi m.a. komið fram að Samkeppniseftirlitið teldi að samkomulagið væri fremur til þess fallið að verja almannahagsmuni en að skaða þá og að þær fordæmalausur aðstæður sem skapast hafi í hagkerfinu vegna COVID-19 séu ráðandi fyrir niðurstöðu málsins. Við þær aðstæður sé málefnalegt að veita aðilum á lánamarkaði svigrúm til samskipta og samstarfs sem miði að því að lágmarka tjón viðskiptavina sem leitt geti af þeim aðstæðum sem um ræðir. Telja undanþágubeiðendur að sömu sjónarmið eigi við hér, að breyttu breytanda. Jafnframt segir að sömu sjónarmiða gæti í fyrrgreindum viðmiðunarreglum EBA. Þá vísa undanþágubeiðendur jafnframt til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins við áþekkar aðstæður, þ.e. ákvarðana nr. 35/2010, nr. 23/2010, 10/2011 og nr. 4/2012.



Telja undanþágubeiðendur að efni samkomulagsins beri með sér að samstarfið sé skýrt afmarkað að efninu til og tryggt sé að það hafi ekki áhrif á samkeppni fjármálafyrirtækja til framtíðar litið eða umfram þau atriði sem það tekur til. Samstarfið leggi engin höft á samstarfsaðila að gera betur við viðskiptavini sína en keppinautarnir og hefti ekki sjálfstæði þeirra að öðru leyti. Ekki sé gert ráð fyrir samfelldri samvinnu við framkvæmd samkomulagsins.

Rétt sé þó að fyrirtækjum og öðrum sem aðild eiga að samkomulaginu verði heimilt að eiga með sér samstarf eða funda á grundvelli samkomulagsins, eftir því sem þörf krefur til að tryggja að framkvæmd samkomulagsins eigi sér stað eins og best verði á kosið, en í því felist að sjálfsögðu ekki heimild til nánara samráðs um viðskiptakjör, e.þ.h. Þá sé sjálfsagt að halda skýrar fundargerðir um fundi sem haldnir séu vegna samkomulagsins, ásamt því að halda til haga yfirliti yfir öll gögn sem lögð séu fram á fundum eða verði til vegna framkvæmdar á samkomulaginu, og að aðilar að samkomulaginu tilnefni fastan fulltrúa sem sitji fundi fyrir þeirra hönd, svo dæmi sé tekið. Telur SFF því sjálfsagt að Samkeppniseftirlitið setji samkomulaginu sambærileg skilyrði og gert var í ákvörðun nr. 13/2020, að breyttu breytanda.

Telur SFF samkvæmt framansögðu, þ.á m. virt heildstætt, að sömu knýjandi forsendur eigi við hér, fyrir veitingu undanþágu vegna samkomulags um frestun einstaklingslána og áttu við í tilviki frestunar fyrirtækjalána, að breyttu breytanda. Með vísan til þessa séu skilyrði 15. gr. samkeppnislaga fyrir veitingu undanþágu uppfyllt.



### Niðurstaða

Ágreiningslaust er í málinu að umrætt samkomulag keppinauta á lánamarkaði fellur undir 10. gr. samkeppnislaga og þarfnast því undanþágu í samræmi við 15. gr. sömu laga.

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar samkeppnishamlandi samráði fyrirtækja. Um skýringu á þessum bannreglum samkeppnislaga vísast m.a. til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2015, *Brot Byko ehf. á 10. gr. samkeppnislaga*.

Samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna, enda sé sýnt fram á að aðgerðir sem falla undir undanþáguna;

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Eins og áður segir sækir SFF um undanþáguna f.h. aðila samkomulagsins. SFF eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi og eru aðildarfélög þess 26 talsins. Í undanþágubeiðninni kemur fram að aðildarfélög þess séu viðskiptabankar, fjárfestingabankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, eignarleigur og kortafélög. Eingöngu þau aðildarfélög sem eru starfandi á einstaklingslánamarkaði eru aðilar að því samkomulagi sem óskað er undanþágu fyrir skv. því sem fram kemur í erindinu.

Fjallað hefur verið um samkeppnisaðstæður á lánamarkaði í ýmsum fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Má þar nefna ákvarðanir nr. 22/2017, 24/2017 og 25/2017 um *Aðgerðir til að efla samkeppni í almennri viðskiptabankþjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki*, sem grundvallaðar voru á aðgreindum sáttum Samkeppniseftirlitsins og hvers stóru viðskiptabankanna þriggja. Hvað varðar starfsemi lífeyrissjóða sérstaklega má vitna til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 9/2008, *Hörður Einarsson gegn Samkeppniseftirlitinu*, og ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2019, *Kaup Íbúðalánasjóðs á íbúðalánasafni af Arion banka hf.* Hvað varðar tryggingamarkaði sérstaklega, þá má benda á efni ákvörðunar nr. 27/2016, *Samruni Arion banka hf., Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf.* Fjallað hefur verið um markað fyrir þjónustu greiðslukortafyrirtækja í fjölmörgum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins á umliðnum árum. Nægir hér að nefna ákvörðun nr. 8/2015, *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*.

Ætla má að sá markaður sem við á í þessu máli sé heildarmarkaðurinn fyrir lán til einstaklinga hérlendis. Er þessi markaðsskilgreining í samræmi við afstöðu undanþágubeiðenda. Samkeppniseftirlitið telur hins vegar ekki nauðsynlegt í máli þessu að



afmarka markaði málsins með nákvæmum hætti þar sem það hefur ekki teljandi áhrif á niðurstöðuna í máli þessu.

Undir eðlilegum kringumstæðum er viðskiptalegt samstarf keppinauta almennt talið afar varhugavert í samkeppnislegu tilliti, enda gæti það skaðað almannahagsmunum með víðtækum hætti. Eins og efni 15. gr. samkeppnislaga ber hins vegar með sér getur visst samstarf keppinauta eftir sem áður samrýmst samkeppnislögum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er hægt að líta svo á að það samstarf sem felst í umræddu samkomulagi lánveitenda sé fremur til þess fallið að verja almannahagsmunum en að skaða þá. Byggist sú ályktun í fyrsta lagi á því að fordæmislausar aðstæður hafa skapast í hagkerfinu vegna farsóttarinnar sem gætu ógnað efnahagsstöðugleika og fjármálastöðugleika til lengri tíma litið sé ekki brugðist við með víðtækum mildandi aðgerðum. Vísast í því sambandi til umfangsmikilla aðgerða ríkisstjórnar Íslands og annarra ríkja til að draga úr efnahagsáhrifum farsóttarinnar. Í öðru lagi byggist ályktunin á því að með samkomulaginu sjálfu er í reynd sammælt um að vinna gegn því að greiðsluferfiðleikar einstaklinga/heimila, sem ætla má að séu í eðli sínu tímabundnir, af völdum afleiddra efnahagsáhrifa farsóttarinnar, verði til þess að mörg heimili (og á endanum væntanlega lánveitendur sjálfir) verði fyrir þyngra höggi en efni standa til.

Almennt má ætla að samkomulag um ívilnandi aðgerðir til handa viðskiptavinum af því tagi sem hér um ræðir sé að almennt líklegt til þess að uppfylla þær kröfur sem fram koma í 15. gr. samkeppnislaga enda má líta svo á að samkomulagið sé óbeint liður í víðtækari aðgerðum stjórnvalda til að lágmarka það tjón sem hagkerfið er að verða fyrir vegna farsóttarinnar.

Samkeppniseftirlitið hefur við sérstakar aðstæður veitt undanþágur af sambærilegum toga. Er í því sambandi skemmt að minnast ákvörðunar nr. 13/2020 sem vitnað hefur verið til hér frammar. Einnig má í þessu sambandi vísa til ákvarðana vegna sértækrar skulda- og greiðsluaðlögunar, sbr. *ákvarðanir nr. 23/2010 og 10/2011*, og til ákvörðunar nr. 4/2012 vegna samstarfs í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 varðandi gengistryggð lán. Í framangreindum ákvörðunum var lagt mat á það hvort ákvæði 15. gr. væru uppfyllt. Áþekk rök eiga við um veitingu undanþágu í þessu máli og í framangreindum málum.

Ætla má að samkomulagið sé til þess fallið stuðla að auknu jafnræði milli skuldara og skilvirkari framkvæmd þegar frá líður en bæði lánveitendur og skuldarar ættu almennt að geta notið ávinnings af því. Þá er mikilvægt í þessu sambandi að ekki er með samkomulaginu lagðar hömlur á einstaka lánveitendur sem hindrað gætu þá í því að ganga lengra til móts við skuldara en kveðið er á um samkvæmt samkomulaginu. Raunar segir skýrum orðum í samkomulaginu að það hindri ekki að lánveitendur geti veitt viðskiptavinum sínum frekari greiðsluferfiðleikaúrræði en samkomulagið mælir fyrir um. Loks fæst ekki séð að samkomulagið leiði til þess að samkeppni milli aðila sé takmörkuð umfram það sem nauðsynlegt er enda segir í samkomulaginu að það hindri ekki að aðilar keppi að öðru leyti á grundvelli viðskiptaskilmála.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga fyrir undanþágu uppfyllt í máli þessu, enda sé farið að skilyrðum sem fram koma í ákvörðunarorði.





#### **IV. ÁKVÖRÐUNARORÐ:**

„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga veitir Samkeppniseftirlitið undanþágu fyrir samkomulagi um tímabundna greiðslufresti á lánum einstaklinga vegna heimsfaraldurs COVID-19. Undanþágan tekur bæði til gerðar samkomulagsins eins og því er lýst í ákvörðun þessari og framkvæmdar þess.

Til samkomulagsaðila teljast Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og aðildarfyrirtæki samtakanna sem tilkynnt eru formlega til Samkeppniseftirlitsins af SFF. Einnig geta aðrir lánveitendur gerst aðilar að samkomulaginu að því tilskyldu að þeir tilkynni Samkeppniseftirlitinu um það.

Undanþágan er veitt með eftirfarandi skilyrðum sem allir aðilar samkomulagsins eru skuldbundnir til að fylgja:

##### **1. gr.**

Samstarf og samskipti á milli aðila samkomulagsins skal afmarkað við markmið og ákvæði þess.

Samstarfið skal ekki fela í sér nein höft sem unnið gætu gegn því að einstakir aðilar gætu með sjálfstæðum hætti komið til móts við viðskiptavinum sína með greiðsluferfiðleikaúrræðum sem ganga lengra en þau sem tilgreind eru í samkomulaginu.

Óheimilar eru jafnframt hvers konar skorður við því að einstakir lánveitendur geti á sjálfstæðum grunni veitt viðskiptavinum sínum greiðsluferfiðleikaúrræði þótt viðkomandi viðskiptavinir uppfylli ekki skilyrði þau sem felast í annarri grein samkomulagsins.

Aðilar skulu keppa að öðru leyti á grundvelli kjara og viðskiptaskilmála.

##### **2. gr.**

Við framkvæmd samkomulagsins skulu samningsaðilar, a.m.k. hver fyrir sig, halda til haga yfirliti yfir einstaklinga sem ekki eru taldir uppfylla skilyrði samkomulagsins um frestun á innheimtu skulda.

##### **3. gr.**

Gæta skal að því að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, um önnur atriði en undanþágan nær til, berist ekki á milli aðila.



**4. gr.**

**Utanaðkomandi aðili með þekkingu á samkeppnisrétti skal vera upplýstur um eða vera þátttakandi í samskiptum og viðræðum keppinauta á vettvangi samstarfsins. Aðkoma hans skal fela í sér að halda skrá um samskipti, taka niður fundargerðir og hafa milligöngu um miðlun upplýsinga.**

**Fundargerðir, samskiptaskrá og yfirlit yfir miðluð gögn verði aðgengileg Samkeppniseftirlitinu ef óskað er eftir.**

**Leitast skal við að fastur fulltrúi hvers samkomulagsaðila sitji fundi fyrir þeirra hönd.**

**Seðlabanka Íslands skal boðið að taka þátt í fundum á milli aðila á grundvelli samkomulagsins.**

**5. gr.**

**Undanþága þessi gildir til loka samningstíma samkomulagsins sem er 1. september 2020. „**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson